

#### **4. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 20. október 2014 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 15:30.**

Fundinn sátu: Páll Jóhannsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Axel Thorsteinson, Kolbrún Haraldsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Þröstur Jónsson, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

**1. Stöðuyfirlit á rekstri vatnsveitu og fráveitu.**

Lagt var fram stöðuyfirlit úr bókahaldi Hrunamannahrepps um rekstur á vatnsveitu og fráveitu sveitarfélagsins og upplýsingar um áætlun ársins 2015.

**2. Tillaga að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps 2015.**

Hannibal fór yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2015. Helstu tillögur eru að gjald á íbúðarhús er óbreytt 0,25% af fasteignarmati en lágamarksgjald hækkar í 31.600 eða um 2,8%. Hámarksgjald á íbúðarhús verður óbreytt kr. 55.000. Fast vatnsgjald í sumarhús hækkar um 2,8% og verður kr. 31.600. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt 0,15% af fasteignarmati og lágmarksgjald óbreytt eða kr. 65.000. Notkunargjald hækkar úr kr. 24 á m<sup>3</sup> í kr. 25 á m<sup>3</sup>. Heimæðagjöld hækka ekki en aðrar hækkunar nema 2,8%. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

**3. Tillaga að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps 2015.**

Hannibal fór yfir tillögu að gjaldskrá fyrir fráveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2015. Fráveitugjald á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum verður óbreytt eða 0,25% af fasteignarmati íbúðarhúsnæðis og 0,15% af atvinnuhúsnæði. Hámarksgjald af íbúðarhúsnæði verður óbreytt eða kr. 52.000 en hámarksgjald á atvinnuhúsnæði hækkar úr kr. 180.000 í kr. 185.000 eða um kr. 2,8%. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum hækkar í kr. 7.500 eða um 2,8%. Heimæðagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka ekki. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

**4. Tillaga að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða 2015.**

Hannibal fór yfir tillögu að gjaldskrá fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2015. Helstu breytingar eru að gjaldskráin hækkar almennt um 2,8% nema rúmmetragjald fyrir íbúðarhúsnæði og sumarhús hækkar um 1,8% en heimæðagjöld hækka ekki. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá.

**5. Fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða 2015.**

Hannibal fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir Hitaveitu Flúða fyrir árið 2015. Gert er ráð fyrir að hagnaður verði af veitunni að fjárhæð um kr. 5.200.000 á árinu 2015. Veitustjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun.

**6. Ásatún.**

Hannibal fór yfir stöðu málsins en það er í vinnslu.

**7. Kópvatnsholan.**

Hannibal fór yfir hugmyndir sem hafa komið fram um að skoða með möguleika á raforkuframleiðslu úr Kópvatnsholunni. Orkufyrirtæki hefur lýst yfir vilja sínum til að kanna málið og þá með í huga að prófa holuna betur. Veitustjórn samþykkir að fela veitustjóra, formanni veitustjórnar og sveitarstjóra að ræða við viðkomandi nánar um þessar hugmyndir.

**8. Kölkun á seyru.**

Lögð voru fram tvö minnisblöð frá Tæknisviði Uppsveita um mögulega samvinnu sveitarfélaga í Uppsveitum og Flóa með að kaupa og koma upp búnaði til að kalka seyru. Tilgangurinn er að geta tekið á móti seyru og í leiðinni auka möguleika á nýtingu hennar. Hugmyndin er að koma upp aðstöðu til þess á gámasvæðinu á Flúðum. Veitustjórn finnst þetta verkefni vera jákvætt og áhugavert.

**9. Hitaveita Grafarhverfis.**

Lagður var fram drög að lóðaleigusamningi vegna Grafarholunnar. Veitustjórn gerir athugasemdir við efni hans og felur veitustjóra og sveitarstjóra að koma þeim á framfæri.

**10. Önnur mál.**

Farið var yfir stöðu mála varðandi hugmyndir Solt Sea Farm að koma upp styrjueldi í Hrunamannahreppi. Þá var upplýst að rannsóknir á Kópvatnsholunni á vegum Mannvits fari fram í lok þessarar viku.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 17:50.